

Miklar deilur innan Kvinnalistsans í Reykjavík vegna forvals:

## Þingkonu hafnað – hörð baráttu um efstu sætin

Niðurstöður ekki einu sinni kynntar frambjóðendum. Baráttu milli Elínar G. Ólafsdóttur og Þórunnar Sveinbjarnardóttur. Ungu konurnar hóta að hætta. Guðrún Halldórsdóttir þingkona úti í kuldanum.

„Ef Elín verður sett ofarlega á listann en Þórunni ýtt til hliðar, munu ungu konurnar einfaldlega segja skilið við Kvinnalistan. Við getum ekki séð að Elín muni fiska mikið af atkvæðum,“ sagði kvinnalistikona sem Alpýðublaðið ræddi við í gær. Miklar deilur eru

nú meðal kvinnalistikvenna í Reykjavík um framboðsmálin. Forval Kvinnalistsans í Reykjavík fór fram í desember, en niðurstöður hafa ekki verið kynntar og frambjóðendur hafa ekki sinni fengið að vita í hvaða sætum þeir lentu. Samkvæmt áreiðanlegum

heimildum Alpýðublaðsins hlaut Kristín Ástgeirsdóttir afgerandi kjör í efsta sætið, en lítil munur var á næstu konum. Guðný Guðbjörnsdóttir varabíngkona mun hafa lent í öðru sæti, Þórunn Sveinbjarnardóttir í þriðja og Elín G. Ólafsdóttir í fjórða. Guðrún

Halldórsdóttir þingkona náði ekki einu af efstu sætum. Samkvæmt heimildum blaðsins innan Kvinnalistsans er nú unnið gegn því að Þórunn skipi þriðja sætið, og mun Kristín Ástgeirsdóttir þannig vilja að það komi í hlut Elínar. Af samtölum við ung-

ar kvinnalistikona er ljóst að þær munu ekki setta sig við það, og hóta jafnvel að segja skilið við flokkinn.

– Sjá umfjöllun á baksíðu.

Þjóðvaki:

## Sigurður Pétursson í framboð fyrir vestan

Þjóðvaki mun halda landsfund sinn síðustu helgina í janúar. Þá verður gengið frá stefnuskrá hreyfingarinnar og kosin stjórn. Einnig er þá öruggt að ákveðið verði hverjir muni skipa efstu sæti framboðslista hreyfingarinnar við næstu alþingiskosningar.


Fyrsta verk fundarins verður að samþykka skipulag samtakanna, en eftir því sem Sigurður Pétursson, sagnfræðingur og fyrrum formaður Sambands ungra afnadaðarmanna segir, er líklegt að 28 manns muni sitja í landsstjórn, en 3 í framkvæmdastjórn, sem skipuð verði formanni, ritara og gjaldkera. „Annars er þetta

ekki orðið fullljóst ennþá og mun væntanlega ekki skýrast fyrr en á þinginu sjálfu,“ sagði Sigurður. Þá verða og stofnaðar deildir í öllum kjördæmum landsins, sem einstaklingar og félagsamtök geta átt aðild að.

Lítið mun hafa gerst í framboðsmálum samtakanna en skrifuð hafa verið bréf til skráðra stuðningsmanna og þeir beðnir um að koma með tilnefningar. Það verða svo uppstillingarnefndir sem vinna úr þeim. Eftir landsfundinn verður formleg kosningabaráttu hafin og sagði Sigurður að hún yrði fyrst og fremst byggð á málefnum og grasrotarvinnu, því samtökin hefðu ekkert fjárhagslegt bolmagn til að standa í einhverju auglýsingafloði á við gömlu flokkana, sem fengu ógrynni fjár frá ríkissjóði. Aðspurður um hvort að hann vildi staðfesta þann orðróm sem verið hefur á kreiki að hann færi í slaginn fyrir hreyfinguna á Vestfjörðum, sagði Sigurður að það væru góðar líkur á því.



Sigurður: Góðar líkur á að ég fari í framboð á Vestfjörðum.



## Leirlistin útúr skugganum

Á laugardaginn verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýningin Leirlist á Íslandi. Þar sýna um 20 leirlistarmenn og spannar sýningin allt frá upphafi leirlistar héraðs árið 1930 til dagsins í dag. Eiríkur Þorláksson er sýningarstjóri þessarar sýningar. Hann segir í viðtali við blaðið að gerð nýttagripa hafi alltaf verið hluti leirlistar. Á sínum tíma hafi togstreita verið í gangi hér og ekki þótt eins fint að gera það sem kallast nýttagrip og önnur listaverk. Það sé horfið í dag en leirlistin hafi þó verið svolítið í skugganum af öðru. Á myndinni er Eiríkur við verk eftir Kristjönu Samper. A- mynd: E.Ól. ★ Sjá umfjöllun og svipmyndir á bládsíðu 7.

Alpýðubandalagið í Reykjavík:

## Kem ekki nálægt starfi innan Alpýðubandalagsins

– segir Stefánía Traustadóttir varabíngmaður flokksins.

Enn virðist sundrung og óánægja fara vaxandi innan Alpýðubandalagsins í Reykjavík. Stefánía Traustadóttir varabíngmaður flokksins og fyrrverandi formaður Alpýðubandalagsfélags Reykjavíkur sagði í samtali við Alpýðublaðið í gær, að hún myndi ekki koma nálægt neinum störfum fyrir Alpýðubandalagið. „Það eina sem ég get sagt er að ég geri ekki ráð fyrir að starfa mikið fyrir Alpýðubandalagið á næstunni,“ sagði Stefánía í gær þegar hún var spurð hvort það væri rétt að hún væri á förum úr flokknum. Aðspurð um ástæður þess að hún vildi ekki lengur starfa með Alpýðubandalaginu svaraði Stefánía: „Það eru margar ástæður til þess. Það má segja að það sem hefur verið að gerast á undanförmum vikum sé



Stefanía: Margar ástæður fyrir því að ég mun ekki starfa innan Alpýðubandalagsins.

kannski bara hlutur í ákveðnu ferli frekar en að líta á það eitt og sér. Ég er í starfi fyrir Alpýðubandalagið innan Reykjavíkurlistsans og geri ráð fyrir að halda því áfram. En ég mun ekki koma nálægt öðru starfi innan félagsins eða flokksins á næstunni.“

– Þú ætlar ekki að róa á önnur mið?

„Ég er ekki að leita að símanúmerinu hjá Jóhönnu,“ svaraði Stefánía.

Í Alpýðublaðinu í gær segist Auður Sveinsdóttir arkitekt og varabíngmaður vera að fluga úrsögn úr Alpýðubandalaginu. Vitað er að fleiri kunnir flokksmenn í Reykjavík eru æfir yfir því að hætta var við prófkjör fyrir val á framboðslista flokksins og ýmislegt fleira sem þær hefur verið að gerast.

Alpýðublaðið í dag:




Hvenær sá Jóhanna ljósið?

Önnur sjónarmið 2

Árangur á erfiðum tímum

Leiðari 2



Sumir tala – aðrir gera

Guðmundur Árni 3

Frambjóðendur á Reykjanesi

Prófkjörsviðtöl 4

Síðasti smókur New York-búa

Reykningar 6



Ósómi Hallgríms Helgasonar

Lesendabréf 7

Stóraukinn ferðakostnaður HÍ

Frétt um ferðir 8

Utanríkisráðherra:

## Mótmælir hernaði Rússa í Tétsjeníu

Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra hefur falið sendiherra Íslands í Moskvu að koma athugasemdum á framfæri við rússnesk stjórnvöld vegna hernaðar Rússa í Tétsjeníu. Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir: „Utanríkisráðherra harmar þau mannskæðu átök sem átt hafa sér stað

í Tétsjeníu í rússneska ríkjasambandinu og afleiðingar þeirra á líf óbreyttra borgara á því landsvæði. Utanríkisráðherra hvetur jafnaframt rússnesk stjórnvöld eindregið til að leita friðsamlegra lausna og leggur áherslu á sérstakt mikilvægi þess að grundvallar mannréttindi íbúa Tétsjeníu verði höfð í heiðri.“

## Þjóðarvitund Íslendinga

Félag nýrra Íslendinga heldur sinn mánaðarlega félagsfund í kvöld, fimmtudagskvöld, í Gerðubergi. Gísli Gunnarsson dósent flytur erindi sem nefnist Þjóðarvitund Íslendinga og söguskilningur þeirra. Fundurinn hefst klukk-

an 20 og er öllum opinn. Hann fer fram á ensku, en aðalmarkmið félagsins er að efla skilning milli fólks af öllum þjóðernum, sem býr á Íslandi, með auknum menningarlegum og félagslegum samskiptum.